



Svæðisstjóri Freyjusvæðis Bíldshöfði 12 IS-110 Reykjavík, Ísland.

Snjólfur Fanndal, Fróðengi 1, 112 Reykjavík
Hs: 557-1805, Gsm: 892-5939, netfang:smurst@islandia.is
Starfsárið 2012-2013.

Skýrsla svæðisstjóra Freyjusvæðis 13/4 2013.

Umdæmistjóri embættismenn góðir kiwanisfélagar, frá síðustu skýrslu minni hef ég farið í heimsóknir til klúbba síðast á Ísafjörð ásamt umdæmisstjóra Hjördísi og umdæmisféhirði Guðbjörgu, vel var tekið á móti okkur af Básafélögum, þar stóð forsetinn við matseld og töfraði fram dýrindis steik, með góðu meðlæti, og allt beint frá bónda.

Á eftir að heimsækja Kötlu, Jökla og Höfða. En 17. Apríl verð ég hjá Kötlu í þessum frábæra sal. svo 20. Apríl er svæðisráðsfundur Freyjusvæðis í safnahúsinu Akranesi.

Þar stefnir í kosningu um kjörkjör svæðisstjóra en tveir hafa gefið kost á sér. Það eru Ólafur S. Sveinsson Kötlu og Ragnar Eggertsson Elliða.

Vonandi fara allir sáttir heim af þeim fundi. Við verðum að finna okkur leið til að laða að okkur nýja félaga í Kiwanis sem er hröðu undanhaldi við erum orðin það gömul að yngra fólk finnur sig ekki með okkur, því þarf stofna nýjan klúbb sem er fyrir 20-30 ára og hlú að honum, til þess þarf fjölgunar nefndin að finna 2-3 unga menn, konur eru líka menn, sem hafa áhuga á félagsmálum og stjórnunarmálum, ég held að það sé til fullt af góðu fólki úti í samfélaginu sem væri til í vera með.

Snjólfur Fanndal svæðisstjóri Freyjusvæðis.

